

Starfsgreinaráð	Hönnunar- og handverksgreinar	
Starfsheiti	Klæðskeri	Löggilt iðngrein
Dagsetning	11. apríl 2022	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:

Sérсаumar herrafatnað og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Veitir viðskiptavinum persónulega ráðgjöf og þjónustu og ber ábyrgð á útkomu vinnu sinnar gagnvart viðskiptavinum. Annast innkaup á efnum og öðrum vörum sem þarf á saumastofu. Hefur umsjón með verkefnum á saumastofu, starfar í fataverksmiðjum, á saumastofum eða eigin verkstæði. Vinnur í samræmi við almennar siðareglur og gæðastaðla viðkomandi fyrirtækis. Annast samskipti við verkkaupa og leiðbeinir kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Er meðvitaður um kostnað og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir

Hæfnikröfur:

Tekur mál, útfærir snið og breytir þeim eftir atvikum.

Sniður og sérсаumar herrafatnað samkvæmt eigin útfærslu eða óskum viðskiptavinar.

Vinnur eftir teikningum, setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vörubrúun.

Setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vörubrúun.

Notar tæki og handverkfæri og getur notað tölvutækni við hugmyndaþróun.

Þekkir eiginleika og kosti vefnaðarvöru sem notuð er í kjólasaum og klæðskurði.

Skipuleggur verkferla m.t.t. viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbúa vinnusvæði.

Sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur haft faglega umsjón með verkefnum á saumastofu í samstarfi við meistara.

Leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð.

Sýnir þjónustulund og trúnað og sinnir viðskiptavinum af lipurð, háttvísi og kunnáttu og hefur skilning á þörfum þeirra.

Sýnir heiðarleika og fer eftir siðareglum, sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti.

Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, fer eftir reglum um vinnuvernd.

Annast innkaup á vörum sem þarf á saumastofu.

Þekkir eiginleika efna og kann mismunandi saumataækni og fatagerð.

Gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem vefnaðarvörur geta haft.

Reiknar út verð á vöru og þjónustu og metur arðsemi.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.

Tjáir sig um fagtengd málefni á íslensku og erlendum tungumálum.

Þekkir sögu og menningu tísku og fataiðnaðar.

Hefur tileinkað sér snyrtimennsku og gengur vel um vinnustað sinn.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.

Byr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt

mat á eigin vinnu.